

# Almenn matsviðmið fyrir ritgerðir á háskólastigi

Byggt á viðmiðum frá Penn State University.

Þýtt og staðfært af Baldri Sigurðssyni 4. mars 2011, síðast uppfært 13. apríl.

(Ingibjörg B. Frímansdóttir benti á margt sem betur má fara en BS ber ábyrgð á því sem miður er.)

## Yfirburðaritgerðin (9-10)

**Meginhugmynd:** Skýrt afmörkuð, trúverðug, frumleg, margslungin, sýnir innsæi og er í góðu samræmi við titil.

**Bygging:** Heildarskipulag er skýrt og rökrétt og kemur meginhugmynd vel til skila. Gott skipulag innan kafla og efnispátta og sterkt heildarsamræmi. Efnisgreinar eru vel skilgreindar og afmarkaðar af lykilstetningum og framúrskarandi tengingar frá einu atriði til annars.

**Notkun heimilda:** Frumheimildir eru notaðar til að styðja hvert atriði með að minnsta kosti einu dæmi. Dæmi styðja einstaka hluta meginhugmynda og falla að byggingu efnisgreina. Eigin texti og tilvitnanir vinna saman hnökralaust. Höfundur sýnir djúpan skilning á hugmyndum í lesefninu og bregst við þeim eða metur þær á gagnrýninn og greinandi hátt.

**Greining:** Höfundur tengir eigin niðurstöður eða athuganir sannfærandi við fyrri þekkingu eða það sem aðrir hafa skrifað með sjálfstæðum og frumlegum hætti. Verkið sýnir gagnrýna hugsun og höfundur forðast einfaldar lýsingar eða endursögn.

**Röklegt samhengi og sannfæring:** Flæði og samhengi ritgerðar er gott; röksemdir eru afmarkaðar, skynsamlegar og traustar. Höfundur gerir sér grein fyrir andstæðum sjónarmiðum og tekur á þeim af þekkingu, tengir á frumlegan hátt við annað efni (aðra efnisþætti fagsins eða önnur fög/námskeið), sem varpa ljósi á meginhugmynd hans.

**Málfar og frágangur:** Viðeigandi fræðilegt málsnið sem hæfir á háskólastigi. Setningagerð, orðaforði, beygingar og málfar óaðfinnanlegt. Reglum um greinarmerki, tilvitnanir, tilvísanir og heimildaskrá fylgt nákvæmlega; fáar eða engar stafavillur; alls engar ófullkomnar málsgreinar eða langlokur. Er að öllu leyti í samræmi við fyrirmæli.

## Góða ritgerðin (7-8)

**Meginhugmynd:** Efnileg en ögn óskýr og afmörkun getur orkað tvímælis. Svólítið vantar á innsæi eða frumleika. Titill ritsmíðar mætti lýsa betur meginhugmynd eða vekja meiri áhuga.

**Bygging:** Yfirleitt skipuleg, skýr og viðeigandi, þótt stöku sinnum sé útaf brugðið. Efnisgreinar hafa oftast afmarkandi lykilstetningu en ótengd atriði blandast stundum saman innan efnisgreinar. Tengingar milli efnispátta eru yfirleitt nokkuð ljósar.

**Notkun heimilda:** Dæmi eru notuð til stuðnings flestum atriðum. Sum dæmi styðja ekkert sérstakt eða tengjast ekki samhenginu. Eigin texti og tilvitnanir tengjast almennt vel. Góður skilningur á hugmyndum í lesefninu og brugðist er við þeim og þær oftast metnar á greinandi og sannfærandi hátt.

**Greining:** Eigin niðurstöður eða athuganir eru oftast notaðar til stuðnings einstökum atriðum í málflutningi þótt tengslin séu ekki alltaf mjög skýr. Umfjöllun er yfirleitt lýsandi en gagnrýnin hugsun má vera meiri.

**Röklegt samhengi og sannfæring:** Röksemdafærsla er ljós, og flæðir yfirleitt vel og skynsamlega. Vitund um andstæð sjónarmið er fyrir hendi en ekki tekið nægilega skipulega á þeim. Stundum eru snjallar tengingar við efni heimilda eða fyrri þekkingu.

**Málfar og frágangur:** Að mestu viðeigandi fræðilegt málsnið sem hæfir á háskólastigi. Stöku merki um óformlegt mál eða stílbrot. Setningagerð, orðaforði, beygingar og málfar í góðu lagi þrátt fyrir stöku frávik. Reglum um greinarmerki, tilvitnanir, tilvísanir og heimildaskrá oftast fylgt rétt. Nokkrar (minniháttar) stafavillur; hugsanlega stöku ófullkomnar málsgreinar eða langlokur. Er að flestu eða öllu leyti í samræmi við fyrirmæli.

## Ritgerðin sem sleppur (5-6)

**Meginhugmynd:** Fer troðnar slóðir, hefur oft verið notuð, eða geymir fátt nýtt. Hugmynd getur verið óljós og gefur ekki mikil færi á að gera úr frumlega ritgerð. Titill er hversdagslegur eða almennur og helst mjög laust í hendur við meginhugmynd.

**Bygging:** Almenn óskýr og rök fyrir skipulagi sjást ekki. Höfundur lætur heimildir stundum taka af sér ráðin í skipulagi. Margar efnisgreinar hafa ekki viðeigandi lykilsetningu. Höfundur fer oft úr einu í annað eða endurtekur. Fáar eða óljósar tengingar milli efnispáttu og þræðir í samhenginu eru oftast frekar þunnir.

**Notkun heimilda:** Málflutningur höfundar er stundum studdur efni heimilda en stundum ekki. Fram kemur almennur skilningur á hugmyndum í heimildum og á stöku stað er lagt út af þeim eða þær metnar á greinandi og sannfærandi hátt, en iðulega er vísað í heimildir án þess að það hafi sérstakan tilgang og annars staðar vantar tilvísanir. Eigin texti og tilvitnanir lifa sjálfstæðu lífi, vinna ekki saman.

**Greining:** Eigin niðurstöður og athuganir eru laustengdar efni heimilda. Iðulega er vitnað í heimildir án þess að lagt sé út af þeim, þær greindar eða tengdar einstökum hugmyndum höfundar, eða greiningin bætir engu við tilvitnunina. Gagnrýninni hugsun bregður fyrir en meira er um hlutlausar lýsingar eða endursagnir.

**Röklegt samhengi og sannfæring:** Hugmyndir eru stundum rökstuddar en rökstuðningur getur verið veikur eða röksemdir óljósar. Andstæð sjónarmið eru ekki alltaf nefnd né tengt út fyrir efnið.

**Málfar og frágangur:** Stundum má sjá viðeigandi fræðilegt málsnið eins og hæfir í háskólaritgerð en þó nokkuð er um óformlegt mál, talmál eða slangur. Vandamál í gerð setninga, beygingum og málfari (ekki þó alvarleg). Nokkrar villur í stafsetningu, notkun greinarmerkja, frágangi tilvitnana, tilvísana og heimildaskrár. Ófullkomnar málsgreinar og langlokur koma fyrir. Fylgir fyrirmælum að miklu leyti.

## Ritgerðin sem má laga (3-4)

**Meginhugmynd:** Erfitt er að greina skýra meginhugmynd eða að hún felur í sér hversdagsleg og þekkt viðhorf eða sjálfsögð sannindi. Titill óljós.

**Bygging:** Óskýr, oft vegna þess að meginhugmynd er óljós eða engin. Heimildir ráða meiru um skipulag en höfundur. Fáar burðugar lykilsetningar og efnisgreinar eftir því sundurlausar. Samhengi milli efnisgreina verður slitrótt eða tengingar misvísandi, til dæmis ef gert er ráð fyrir óréttmætu röklegu samhengi.

**Notkun heimilda:** Efni heimilda er ekki endilega til stuðnings neinni hugmynd eða fullyrðingu. Tilvitnanir standa eins og eyjar í lesmálinu. Höfundur virðist hafa takmarkaðan skilning eða misskilja hugmyndir í heimildum og vinnur ekki úr þeim á greinandi og gagnrýninn hátt. Efni er notað úr heimildum án tilvísunar.

**Greining:** Eigin niðurstöður og athuganir eru mjög sjaldan tengdar eða studdar efni heimilda, eða sá stuðningur er veikur. Hugsanlega er erfitt að koma auga á röksemdir eða dæmi sem unnt er að nota. Meira um hlutlausar lýsingu eða endursögn en gagnrýna hugsun.

**Röklegt samhengi og sannfæring:** Hugmyndir standa stakar, leiða ekki ein af annarri, yfirleitt vegna þess að það vantar rökhusun til að fylgja. Sýn á viðfangsefnið er takmörkuð eða yfirborðsleg og engin tilraun til að sjá efnið frá ólíku sjónarhorni.

**Málfar og frágangur:** Höfundur notar ekki viðeigandi fræðilegt málsnið heldur er mikið um óformlegt mál, talmál eða slangur. Mikil vandamál í málfari, gerð setninga og beygingu orða. Ófullkomnar málsgreinar eða langlokur geta verið margar. Margar villur í stafsetningu, notkun greinarmerkja og frágangi tilvitnana, tilvísana og heimildaskrár. Fylgir ekki fyrirmælum um verkefnið.

## Ritgerðin sem á langt í land (1-2)

Er eins og ritgerðin sem má laga en hér eru vandamálin alvarlegri eða algengari.

## Misheppnaða ritgerðin (0-1)

Höfundur hefur eitthvað misskilið tilgang verkefnisins því alla viðleitni skortir til að gera efninu skil. Gallar í málfari, bygginu og greinandi hugsun draga athygli lesandans frá efninu svo erfitt er að halda þræði. Ekki er unnt að koma auga á neina meginhugsun. Fylgir ekki fyrirmælum um gerð eða lengd. Notar efni frá öðrum án þess að geta heimilda.